

**Nd.**

### **311. Breytingartillaga**

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda, er bíða tjón af þeim.

Frá Gísla Sveinssyni, Sveinbirni Högnasyni, Garðari Þorsteinssyni,  
Stefáni Stefánssyni, Jóni Ívarssyni og Vilmundi Jónssyni.

Við 26. gr. Greinin orðist þannig:

Allur kostnaður við girðingar og vörslur samkv. 8.—11. grein, sem ekki greiðist af viðkomandi héruðum, greiðist úr rikissjóði að  $\frac{7}{10}$  hlutum og af þeim hluta bjargráðasjóðs, sem er sameign allra landsmanna, að  $\frac{3}{10}$  hlutum.